

## Val og valgreinar 2013 – 2014

### UPPBYGGING VALGREINA

#### Kjarni–valgreinar

Námstilhögun í vali í Álfhólsskóla verður sem hér segir.

Náminu skiptum við í bóknáms og íþróttakjarna, 29 kst. og valgreina sem er 8 kst.

Nemendum í 9. og 10. bekk gefst því kostur á að velja valgreinar í 8 kennslustundir á viku.

Nokkrar nýjungar eru þetta árið hvað valgreinar varðar. Við hvetjum ykkur að kynna ykkur þær greinar og raunar allar greinar sem kynntar eru í þessum bæklingi áður en valið er.

Um allar valgreinar gildir sú regla að þær verða ekki kenndar nema nógu margir sækji um. Því er afar mikilvægt að nemendur velji greinar til vara. Ekki er alltaf hægt að verða við fyrstu óskum nemenda og því eru varaóskir brýn nauðsyn.

Ýmislegt þarf að hafa í huga í vali nemenda.

• Peir sem velja að læra ensku 103 sem er námsefni fyrstu annar í framhaldsskóla þurfa að hafa náð 8.0 í ensku í 9. bekk.

• Peir sem velja stærðfræði 103 þurfa á sama hátt að hafa náð 8.0 í greininni í 9. bekk.

• Peir sem velja að læra ensku 203 á seinni önn þurfa að hafa náð 9.0 í greininni í 9. bekk eða hafa lokið á fyrri önn áfanganum 103.

• Peir sem velja að læra stærðfræði 203 á seinni önn þurfa að hafa náð 9.0 í greininni í 9. bekk eða hafa lokið á fyrri önn áfanganum 103.

Varðandi spænsku og frönsku er einnig litið til almennrar málakunnáttu en jafnframt er litið til þess hvort tungumálið sé nemendum tamt.


Þá er æskilegt að þeir sem velja hjómsveitarval hafi grundvallarþekkingu á þeim hljóðfærum sem þeir munu vinna með. Annað gildir um þá sem velja hljómsveitarval á vegum Pegasusar. Þar er einnig unnt að velja byrjendaval.

*Unnt er að sækja um afslátt frá vali ef nemendur eru í umtalsverðu öðru námi utan skóla, s. s. í Skólahljómsveit Kópavogs, í tónlistarskóla, íþróttagreinum o.s. frv. Frá slíku verður að ganga með þar til gerðu eyðublaði.*

### VALÓSKABLAÐ OG SKILADAGUR

Valóskablað fylgir þessum bæklingi. Veljið 8 kennslustundir á bæklingnum og þrjár greinar til vara.

**Skiladagur 24. maí 2013.**





## HEIMILISFRÆÐI

Námsefni:

Heimilisfræði II og III (Ýmsir höfundar). Af bestu lyst (Manneldisráð, Hjartavernd o.fl.). Matar-  
menning þjóða og ljósritað efni frá kennurum.

Efnisþættir:

Aðallega verkleg viðfangsefni. Rifjuð upp undirstöðuatriði við matreiðslu. Nýjungar í matargerð  
sem henta ungu fólki. Þjóðlegir réttir frá ýmsum löndum ásamt hefðbundinni matreiðslu. Farið  
verður í að breyta og laga uppskriftir samkvæmt þörfum einstaklinga og nútíma markmiðum.  
Tölvuforrit verður notað við fæðuútreikni

## PRJÓN , PRJÓNAFÆRNI OG ÞÆFING .

Nemendur læra og æfa sig í eftirfarandi prjóni: Slétt og brugðið ýmsir möguleikar,  
klukkuprjón og perluprjón. Nemendur hanna verk úr eigin prufum og fá að fara ýmsar  
leiðir með það. Prjóna 1 flík. Kynning á íslensku ullinni, þæfing úr bæði kembu og prjón-  
lesi. Verkefni: s.s. tösukur, vettlingar, sokkar, pottaleppar, flöskuhaldari og ein stærri flík

## FATASAUMUR 1-2 / BÚTASAUMUR .


Kennsla á saumavélina og þjálfun út frá einföldum búta- og fatasaum. Unnar prufur og  
verkefni út frá saumavélabækling. Nemendur læra grunnatriði á saumavél. Gera  
æfingar með víxlsaum, beinan saum, teygjusauma og owerlock. Falda, útbúa hnappagöt  
og fleira. Verkefni: púði eða lítið veggteppi í framhaldi af því einfaldar flíkur, buxur, pils og  
bolir. Flóknari verkefni fyrir fatasaum 2.

### Verklegar greinar:

### HÖNNUN OG SMÍÐI


Verkefni:

Verkefni miðast við hæfni og getu  
nemenda. Dæmi um verkefni: Bókahillur,  
skrauthillur, skápar, margs konar smá-  
hlutir, svo sem skálar, lampar og kerta-  
stjakar. Formaðir hlutir, svo sem borð,  
einfaldir stólar, kollar og margt fleira.



### HÖNNUN , MÁLMSÍÐI OG GLER

Unnin verkefni úr málmum og gleri. Boðið  
verður uppá ýmsar vinnuaðferðir í málmum eins og  
tinkveikingu og silfurkveikingu sem eru grund-  
vallaraðferðir í málmum. Miðast verkefni við skart-  
gripi og einnig minni hluti úr málmum. Dæmi:  
Kertaslökkvari, armbönd, beltissylgjur, bindisn-  
ætur o.fl. Einnig verða aðrar samsetningarað-  
ferðir kynntar eins og hnoðun og hugsanlega  
rafsuða. Vinnuaðferðir í gleri verða einnig  
kynntar eins og steint gler og glerbræðsla.  
Einnig er nemendum heimilt að smíða og hanna  
sína eigin skartgripi. Verkefni eru að mestu valin  
með tilliti til nemendahóps.



## FÖRÐUN

### Efnisþættir:

Snyrtivörur - form þeirra og tegundir.

1. Umhirða húðar.
2. Dagförðun.
3. Kvöldförðun.
3. Tískuförðun.
4. Förðun við hátíðleg tækifæri.

### Námsmat:

Skila þarf möppu. Verkefni. Símat á frammistöðu nemenda fer fram í tímum.

### Athugasemdir:

Hugmyndin með þessari valgrein er að hún sé í námskeiðsformi - kennd á óhefðbundnum tíma - en ekki samfellt nám allan veturinn.

## HESTAMENNSKA

Við bjóðum nú upp á hestamennsku sem valgrein. Nemendur læri um umhirðu hesta, um reiðtygi, járningar, fóður, gjöf, eðlisfar hesta, reiðlag og fleira. Fjallað er um öryggisatriði og hvernig eigi að sitja hest. Farið verður í stutta reiðtúra.



## HEIMANÁM

Þeir sem velja heimanámsaðstoð sem valgrein samþykkja um leið það sjónarhorn að maður sé aldrei „búinn að læra“, alltaf finnst eitthvað að gera, gera enn betur eða rifja upp. Aðallega verður horft til íslensku og stærðfræðiaðstoðar en ef námi í viðkomandi grein hefur verið nægjanlega sinnt að mati kennara mega nemendur nýta tímann fyrir önnur fög.

Námsmat: virkni nemenda í tímum verður metin til umsagnar.

## Leiklist

Leiklistarval verður kennt 2 tíma á viku hálf.

Nemendur verða fyrst og fremst þjálfaðir í undirstöðuatriðum leiklistar:

*Framsögn, hópvinna, samvinna, einbeiting, jákvæðni, hlustun, virðing og traust.*

Nemendum verður kennt:

Að nota rými leiksviðsins, bæði einir og í hóp.

Að þjálfra rödd og framsögn.

Að spinna og skapa persónur, samtöl og leikþætti út frá eigin hugmyndum.

Að skrifa stutt leik- og kvikmyndahandrit.

Að leika eftir handriti.

Að vinna að sýningu sem samhentur hópur.

Að skrifa umsögn um leiksýningu.

Að nota leikhússport (Leiktu betur).

Unnið verður í samvinnu við hljómsveitarval þegar kemur að sýningu.

Tónlist og efni leiksýningar verður ákveðið í samráði við nemendur en svo verður unnið eftir handriti og ákveðnu lagavali. Reynt verður að fara á leiksýningu í atvinnuleikhúsi.

## MÁLA , TEIKNA, HANNA OG LEIRA – MYNDLISTARVAL

Myndlistarval er fyrir þá sem hafa gaman af sköpun. Menn þurfa ekki að vera listamenn heldur einungis að njóta og hafa gaman að því að teikna, mála, hanna eða leira.

Efnisþættir:

Farið í grunndvallaratriði í blýantsteikningum.

Mála með akríl og vatnslitum. Verkefni valin í samráði við kennara.

Hannað og mótað í leir, vír og gips.

Nemendur haldi skissubók.

Heimsókn frá listamanni – veggjalist (graffiti)

Heimsókn á listasöfn.

Nemendur velji í samráði við kennara viðfangsefni sem þeir vilja öðlast meiri hæfni í. Þeir fá tíma og svigrúm til þess að vinna út frá eigin hugmyndum og þróa þær áfram.



## HLJÓMSVEITARVAL

Inntökuskilyrði: Að kunna á hljóðfæri.

Nemendum gefst kostur á að vera í hljómsveit. Gítarar, bassar, trommusett, söngkerfi og hljómborð auk ýmissa smærri hljóðfæra eru til reiðu.

Bestum hluta verður varið í að æfa samspil/söng. Ekki er kennt á hljóðfærin sjálf en áhersla lögð á að "pikka upp" lög, spila þau og syngja. Ætlast er til að nemendur æfi sig heima.

Lagaval er í höndum nemenda og kennara.

Jákvæðni, virðing, samstarfsvilji og áhugi eru lykilorðin.

Tónlistarhópur og leiklistarhópur starfa saman fyrir sýningar.

Nemendur koma fram a.m.k einu sinni á hvorri önn.

Tímafjöldi er 2 tímar á viku en möguleiki er að hafa fleiri tíma í einu og hætta þá fyrr að vori.

*List- og  
menning*

## DÖNSK MENNING, KVIKMYNDIR OG ÞÁTTAGERÐ

Við ætlum að skoða danska menningu t.d. kynnast konungsfjölskyldunni, danskri matargerð, fríríkinu Kristjáníu og tengslum Danmerkur við Ísland. Skoða danskar kvikmyndir og þætti, fara í vettvangsheimsókn t.d. í Norræna húsið og læra að gera danskt Smørrebrød.

## KVIKMYNDIR OG SAGA ÞEIRRA

### Inntak og markmið

Íslenskar og erlendar kvikmyndir verða skoðaðar og farið yfir sögu kvikmyndagerðar. Reynt er að hafa kvikmynda valið fjölbreytt og í samráði við nemendur.

Farið er yfir sögu kvikmynda í heiminum og sérstaklega lítið til sögu íslenskrar kvikmyndagerðar og erindi lögð fyrir um þróun kvikmyndagerðar.

Margs konar kvikmyndaform skoðuð.

Sérstök áhersla lögð á að njóta kvikmynda og að auka skilning á þeim sem listformi.

## GÍTARKENNSLA — BYRJENDAKENNSLA

### Inntak og markmið

Nemendur verða að hafa aðgang að „kassagítar“ og koma með hann í tíma.

Nemendur læri helstu gítargrip og fingrasetningu, „vinnukonugrip“, þvergrip o. s.frv.

Þeir læri að stilla gítara

Farið verður í mismunandi áslátt og plokkækni.

Nemendur læri undirspil við helstu söngtexta og feti sig áfram í átt til flóknari undirleik.

## STUTTMYNDAGERÐ

Nemendur læri að fara með vídeoupptökuvélar, helstu atriði varðandi handritsgerð, upptöku og leikstjórn stuttmynda.

Vinnulag:

Fyrirlestrar, verkleg kennsla, hópvinna, umræður og verkefni. Áhersla er lögð á samskipti, samvinnu og gagnrýna umræðu og að nemendahópurinn myndi öflugt námssamfélag.

Hvatt er til að nemendur sýni frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í verkefnaíðuðu námi og læri að gefa af sér sem og leyfa öðrum að njóta.

## Dans

Áhersla er lögð á nútímalegan dans og danstegundir sem tengjast nýjustu straumum í danstónlist, ma. hip hop, break o.s.frv.



*Veljið út frá ykkar  
eigin löngunum og  
óskum.*

## ÍÞRÓTTAVAL


- Nemendum býðst viðbót við almenna íþróttakennslu þar sem frekari íþróttabjálfun fer fram.
- Íþróttamót skipulögð og framkvæmd.
- Stefnnt **er á að** kynna hinar ýmsu íþróttgreinar m.a. með því að heim- sækja íþróttafélög og **aðra** aðila sem bjóða upp á heilsurækt.

### Áhersla

- er á almenna hollustu og heilbrigði
- er á frumkvæði og samvinnu
- er á skólahreysti
- er á fjölbreytta og alhliða líkamsrækt.

## SKÓLAHREYSTI

Markmiðið með greininni er að bæta líkamlega hreysti nemenda með þol-, þrek- og liðleikaæfingum. Notuð er stöðvarbjálfun, skólahreysti (svipaðar æfingar), teygju- hringir o.fl. Nemendur sem ætla sér árangur í greininni verð einnig helst að stunda æfingar í öðrum þeim íþróttgreinum sem nýtast greininni eða á líkamsræktar- stöðvum, s.s. með spinning, hlaupum, styrktaræfingum o. fl.



*Íþróttir,  
hreyfing og  
félagsgreinar*

## ASHTANGA JÓGA

Saga á bak við Jóga, öndunartækni, orkustöðvar, stellingar, slökun og fl.

Jógaástandun hjálpar okkur að halda eðlilegu orkuflæði um líkamann með því að halda honum slökum og teygjanlegum.

Regluleg jógaástandun getur bætt líkamlega líðan, aukið einbeitingu, örvað meltingu, styrkt og liðkað líkamann, róað hugann, dýpkað svefninn, mýkt liðina og komið jafnvægi á efnaskipti líkamans, svo eitthvað sé nefnt.

## ÚTIVIST

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið yfir grunnatriði í rötun og kortalestri, ásamt leiðarvali. Grunnatriði í næringarfræði og farið yfir klæðaburð og útbúnað í stuttum sem löngum ferðum. Gert er ráð fyrir því að nemendur fari í þrjár gönguferðir á vetrinum, þar af eina þar sem gist verður úti ef veður leyfir.


## SKÁK

Áfangalýsing:

Kennslustundir verða tvær á viku. Inntökuskilyrði er að nemendur kunnir mannganginn. Kennslufyrirkomulag verður í formi stuttra fyrirlestra þar sem verða útskýrð ýmis hugtök og heiti, farið yfir skákir sterkra skákmanna o.fl. Prautalausnir þar sem nemendur fá í hendur hefti samin af SRT, og sem skiptast í fimm getustig. „Verklegur” hluti þar sem nemendur tefla hver við annan, auk þess sem til greina kemur að skipuleggja keppnir við aðra skóla og nemendur koma til með að keppa fyrir hönd skólans í hinum ýmsu skóla- mótum.

## LÍKAMSVITUND

Námskeið til að efla vitund gegn ströngum fegurðarviðmiðum nútímans. Aðeins fyrir **stúlkur í 10. bekk** Markmið námskeiðsins er að vekja stúlkur til vitundar um að ein-  
gín ein fyrirmynd sé að því hvernig við eigum að líta út. Námskeiðið byggir á æfingum  
og umræðum. Tvær stundir hálfan vetur.



## SJÁLFASTYRKING

Markmið: að efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmyndina. Í þessum áfanga fá nemendur  
tækifæri að vinna í hóp þar sem aðalviðfangsefnið er „þeir sjálfir“. Hver og einn skoðar  
sjálfan sig út frá tilfinningum og samskiptum í tengslum við fjölskyldu, vini og skóla.  
Lögð eru fyrir ýmis skapandi einstaklings- og hópverkefni sem og leikir þar sem ein-  
staklingurinn getur fengið að tjá sig, tengjast öðrum og upplifa í öruggu og traustu  
umhverfi. Lögð er áhersla á trúnað, heiðarleika og virðingu.

Námsmat: Vinnubrögð og ástundun



## JAFNINGJAFRÆÐSLA

Nemendur í **10. bekk** leiðbeini yngri nemendum í samskiptum, m.a. varðandi baktal,  
útilokun, lygasögur og fleira og leiðbeini yngri nemendum hvernig gott er að bregðast við  
þegat slíkt kemur upp í samskiptum. Þá er fjallað um sjálfsmynd og vináttu, hópprýsting  
og og áhrif hans í samskiptum og liðan. Nemendur í þessari valgrein fá fræðslu um sam-  
talstækni, hlustun og mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra. Mikilvægt er að  
nemendur séu heiðarlegir og traustir og búi yfir góðum samskiptahæfileikum. Valið  
verður úr hópi umsækjenda með tillit til þessa þátta.

## ENSKA 103

Áfangamarkmið:

Kennslustundir: 3 kst á vikur

Áfangalýsing:

Undirstöðuatriði enskrar málfræði rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta til þess að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða.

Auk þess lesa nemendur bókmenntaverk og texta almenns eðlis. Markvissar hlustunaræfingar notaðar til þess að þjálfa skilning á töluðu máli. Nemendur þjálfaðir í að tjá sig með viðeigandi orðalagi um almennt efni á ensku. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum og áhersla lögð á að skrifa skipulegan texta og skipta í efnisgreinar. Nemendur hagnýti sér nýjan orðaforða á skapandi hátt. Þjálfun í notkun orðabóka.

## SPÆNSKA

Á námskeiðinu verður leitast við að vekja áhuga nemenda á Spáni, Suður- Ameríku og þeirri menningu sem ríkir þar s.s. sögu, tónlist, kvikmyndum og matargerð. Einnig verður farið í undirstöðuatriði spænskrar tungu. Meðal þess sem unnið verður með eru einföld málfræðiatríði s.s. óákveðinn og ákveðinn greinir, fleirtala nafnorða og lýsingarorða, spurnarorð og sagnir. Nemendum verður kennt að bjarga sér á spænsku með því að æfa einföld samtöl. Unnið talsvert með orðaforða.

## FRANSKA

Á námskeiðinu verður leitast við að vekja áhuga nemenda á Frakklandi, og þeirri menningu sem ríkir þar s.s. sögu, tónlist, kvikmyndum og matargerð. Einnig verður farið í undirstöðuatriði franskur tungu.

Námsefni: Kennslubækur í frönsku, heimatilbúið námsefni, verkefnablöð og það sem til fellur og kemur að góðum notum við námið.

## PÓLSKA FYRIR BYRJENDUR

Þessir tímar eru ætlaðir byrjendum í pólsku.

Við ætlum að vinna með auðvelda texta sem tengjast daglegu lífi til að læra orðaforða og þjálfa framburð. Í kennslustundum ætlum við líka að nota alls konar spil og verkefni og hlustum á stutt samtöl.

## JĘZYK POLSKI

Zajęcia przeznaczone są dla uczniów, których językiem ojczystym jest polski.

Na lekcjach będziemy między innymi:

redagować krótkie teksty użytkowe ( list, zaproszenie, życzenia na różne okazje, ogłoszenie, podanie itp.)

ćwiczyć ortografię i gramatykę

czytać ciekawe artykuły i inne teksty

## THAILENSKA

Kennsla í tungumáli og menningu Thailandis. Farið í undirstöðuatriði thalensks máls og menningar.

## Tungumál



## STÆRÐFRÆÐI 103

Áfangalýsing:

Í áfanganum nota nemendur vasareikna og töflureikninn EXCEL við margvíslega útreikninga. Þeir rifja upp grunnatriði algebru og beita jöfnureikningi til lausnar á dæmum og þrautum sérstaklega innan rúmfræðinnar. Þeir kynnast rúmfræðilegum sönnunum og fá innsýn í rökræna uppbyggingu stærðfræðinnar.

Helstu efnisatriði:

Lausnir jafna, úppsettar jöfnur. Lausnir verkefna og þrauta. Reikniformúlur. Talna- hlutföll, skiptireikningur, prósentur, vextir. Frumsendur og óskilgreind hugtök. Beinar og óbeinar sannanir. Saga evklíðskrar rúmfræði. Frumhugtök rúmfræðinnar. Línur og horn í þríhyrningi og hornasumma þríhyrnings. Einshyrmdir þríhyrningar. Pýþagórasarregla. Hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Flatarmál og rúmmál. Umritaður og innritaður hringur þríhyrnings. Rétthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti, jafna beinnar línu og saga hnitakerfisins. Dæmi um itarefni: Verkefni um rúmmál og yfirborð rúmmynda. Afbrigði af sönnun á Pýþagórusarreglu. Aðferðir við að teikna myndir með hringfara og reglustíku. Pýramídar í sögulegu samhengi. Umritanlegir og innritanlegir ferhyrningar. Teningsrót og hærri rætur.

*Stærðfræði og raungreinar*

## VERKLEG NÁTTÚRUFRAEÐI

Áfangalýsing

Í náttúrufræðivali er farið dýpra í valda þætti námsefnisins en í kjarna. Fjallað verður um þætti úr sögu vísinda, t.d. með því að horfa á fræðslumyndir og kvikmyndir. Vinna nemenda felst í að vinna í hópum, m.a. að verklegum æfingum/tilraunum, t.d. krufning og kljúfa í sundur vatn.

Einnig verður unnið með *Sunflower* kennsluforritið.

## LEIKSKÓLAVAL

Nemendur kynnast starfsháttum á leikskólum í Kóapvogi, vinni með börnum og taki þátt í kennslu og umönnun undir leiðsögn leikskólakennara. Námsmat byggist á viðhorfi, áhuga og ástundun.

## UMFERÐAFRÆÐI

Lögð er áhersla að efla jákvætt viðhorf nemenda til ýmissa þátta sem eru nauðsynlegir í umferðinni eins og ábyrgð og tillitssemi.

Teknir eru fyrir þættir eins og sjónsvið, umferðarsálarfræði, hraðablinda, umferðarreglur, hraðakstur, tryggingar og skyndihjálp.

Umferðafræði nýtist nemendum vel sem eru að fara að undirbúa sig fyrir skellinöðrupróf eða bílpróf.

Kennslustundir eru 2 á viku, - hálfan veturinn.

*Annað val*

## SKEMMTILESTUR

Það er nauðsynlegt hverjum manni að læra að njóta góðra bóka. Nú gefst tækifæri til að lesa sjálfum sér og öðrum til skemmtunar og njóta þess að eiga góðar stundir saman.

Leiðir: Leitast verður við að gera um 6 bókum skil á önn og þá með þeim hætti að við lesum, ræðum og miðlum okkar upplifun af bókinni. Það er okkar að velja bækurnar en við munum t.d. lesa glæpasögu, fagurbókmenntir, myndasögu, smásögur og ljóð. Einnig munum við gera grein fyrir okkar upphaldsbók.

---

## Verklegur áfangi 192

Áfanginn er kenndur á einni önn. Í áfanganum fá nemendur innsýn í samningsbundnar faggreinar í matvælageiranum þ.e. bakstur, framreiðslu, matreiðslu og kjötið. Nemendur fá leigða vinnubúninga sér að kostnaðarlausu. Miðað er við að þeir nemendur sem fá að velja þennan áfanga hafi færni til að vinna sjálfstætt og hafi sjálfsaga til þess að umgangast verkfæri í eldhúsum af varfærni.

Þessi áfangi er kenndur bæði á haustönn og vorönn eftir hádegi á föstudögum.

---

## ENSKA 203

Áhersla á lestur bæði almennra og sérhæfðra texta þannig að nemandi geti beitt mismunandi lestraraðferðum. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Hlustunaræfingar miða að því að nemendur geti skilið einfalt, ótextað mynd- og útvarpsefni. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega í samtölum og frásögnum. Í ritunarþætti áfangans er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Þessi áfangi er kenndur á vorönn á föstudögum eftir hádegi.

*Val á vegum MK*

---

## STÆRÐFRÆÐI 203

Fjallað er um rauntölur og talnalínu, tölugildi, bil á talnalínu og ójöfnur, þáttun og styttingu brota, samlagningu brota, brotabrot, veldi og rætur, föll og margliður, margliðudeilingu, þáttun margliða, skurðpunkta grafa, núllstöðvar og ræð föll, logra með grunntölunni 10 og lausnir á fallajöfnum og ójöfnum.

Þessi áfangi er kenndur á vorönn á föstudögum eftir hádegi.

*Í samvinnu við HK*

---

## ÞJÁLFAVAVAL

Nú gefst nemendum skólans kostur á að velja þjálfaraval. Það er ætlað þeim nemendum Álfhóls-skóla sem kjósa að vera aðstoðarþjálfar hjá HK í handbolta og fótbolta. Áfanginn byggir á fræðslu, þjálfun og fyrirlesturum.

## FÉLAGSMÁLAFRÆÐI

Nemendur í félagsmálafræði taka þátt í að skipuleggja félagsstarf vetrarins í samvinnu við nemendaráð og starfs-menn félagsmiðstöðvarinnar. Nemendur í félagsmálafræði munu skiptast á að bera ábyrgð á skemmtunum, og öðrum uppákomum. Það er einnig hlutverk nemenda í félagsmálafræðinni að virkja sem flesta unglunga til starfa. Unglingalýðræði skal í hávegum haft, en það er leið til að tryggja áhrif unglunganna á starfið, það er að efla virkni þeirra, þátttöku og ábyrgð í starfinu.

Unglingalýðræði er svar við ábyrgðar - og áhrifaleysi unglunga í nútímasamfélagi. Það byggir á þeirri forsendu að hin óvirkur hlutverk sem unglingar hafa fengið í dag samsvari ekki þroska þeirra og getu. Í stað þess að vera óvirkir þiggjendur þá verði unglingar virkir þátttakendur í stjórnun og skipulagi sinna mála og taki ákvarðanir jafnt sem ábyrgð.

## MYNDASÖGUGERÐ

Nemendur læra grunntækni myndasögugerðar og teikningu. Þeir fræðast um mismunandi stíla og aðferðir. Markmiðið er að hver nemandi geri sína eigin myndasögu.

## HLJÓMSVEITARVAL FYRIR BYRJENDUR

Nemendum gefst kostur á að vera í hljómsveit. Gítarar, bassar, trommusett, söngkerfi og hljómborð auk ýmissa smærri hljóðfæra eru til reiðu. Einhver þekking á hljóðfærum nauðsynlega en áhersla lögð á að ná vald á hljóðfærum í samleik.

Mestum hluta verður varið í að æfa samspil/söng. Ætlast er til að nemendur æfi sig heima.

## HLJÓMSVEITARVAL FYRIR LENGRA KOMNA

Nemendum gefst kostur á að vera í hljómsveit. Gítarar, bassar, trommusett, söngkerfi og hljómborð auk ýmissa smærri hljóðfæra eru til reiðu. Töluverð þekking á hljóðfærum nauðsynlega en áhersla lögð á að ná vald á hljóðfærum í samleik. Mestum hluta verður varið í að æfa samspil/söng. Ætlast er til að nemendur æfi sig heima.

*Valgreinar á vegum*

*Pegasusar*

## HLJÓÐFÆRAGERÐ OG MENNING

Nemendur velji sér hljóðfæri til að smíða. Valið beinist að hljóðfærum ólíkra menningarsvæða og jafnframt smíðunum kynnist menn menningu viðkomandi menningarsvæða. Æfð verður tónlist sem henta hljóðfærinu.

## PÆLDÍÐÍ —HÓPUR UNGRA HUGSUÐA

Nemendur velti fyrir sér menningarlegum, félagslegum, siðferðislegum og heimspekileum mál-efnum og ræði og læri að setja sjónarmið sín fram. Kjörin valgrein fyrir tilvonandi kaffihúsaspek- inga, stjórnmálamenn, heimspekinga og menningarvita.

---

Kópavogsbær

---